



22. febrúar 2022

## Umsögn SORPU bs. um 197. mál, þingsályktunartillögu um byggingu hátækisorbrennslu

SORPA bs. þakkar fyrir tækifærið til að gefa umsögn um málið. Umræða um byggingu hátækisorbrennslu er mikilvæg fyrir margra hluta sakir. Mikilvægt er að sú umræða byggji á góðum grunni og taki mið af bestu þekkingu á hverjum tíma.

Til að stuðla að þessu stóðu SORPA bs., Kalka sorpeyðingarstöð sf., Sorpurðun Vesturlands hf., Sorpstöð Suðurlands bs. og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að vinnu á forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi. Skýrslan, sem er afrakstur þessarar vinnu, er aðgengileg [hér](#) og ítarlega kynningu á henni má finna [hér](#).<sup>1</sup>

Mædal helstu niðurstaðna starfshópsins eru:

- Hátækisorbrennsla yrði reist á Suðvesturhorni landsins þar sem meira en 80% af úrganginum falla til.
- Mat á staðsetningu leiðir í ljós að bygging hátækisbrennslunnar í Álfsnesi myndi fela í sér minnstan rekstrarkostnað þar sem kostnaður við flutning úrgangs til stöðvarinnar væri lægstur.
- Hátækisbrennslan þarf að geta afkastað allt að 130.000 tonnum á ári. Hún mun framleiða rafmagn og heitt vatn en rekstrarkostnaði verður einkum mætt með hliðgjöldum.
- Stofnkostnaður hefur verið metinn með grófum hætti, sem og rekstrarkostnaður. Kostnaður við byggingu brennsluna er áætlaður á bilinu 20 – 35 milljarðar króna.
- Fyrir liggur að hliðgjöldin munu ráðast fyrst og fremst af því eignarformi sem verður fyrir valinu.
- Verði brennslan alfarið í opinberri eigu er líklegt að hliðgjald þyrfti að vera 20 krónur á kíló en verði hún alfarið í einkaeigu er líklegt að hliðgjald yrði 40 krónur.
- Í næsta áfanga verkefnisins þarf að stofna félag sem fær það hlutverk að halda áfram undirbúningsvinnu og þróa ítarlega viðskiptaáætlun um verkefnið.
- Ef niðurstaða viðskiptaáætlunar gefur tilefni til liggur fyrir hverjir munu standa að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins, og rekstri vinnslunnar. Einnig munu liggja fyrir samningar við sveitarfélög um ráðstöfun brennanlegs úrgangs í farveg vinnslunnar.

Í ljósi þeirrar umfangsmiklu vinnu sem þegar hefur verið unnin af þessum starfshópi til að undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi telur SORPA bs. ekki þörf á að framkvæma aðra könnun á vettvangi ráðuneytisins.

SORPA og aðrir bakhjarlar áður nefndrar skýrslu eru hins vegar boðin og búin að kynna niðurstöður skýrslunnar fyrir nefndarmönnum umhverfis- og samgöngunefndar.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,  
Framkvæmdastjóri SORPU bs.

<sup>1</sup> <https://sorpa.dccweb.net/media/2/sorpbrennslustod.pdf> og <https://www.samband.is/vidburdir/skor-ofar-lokafundur/>